

Ed.

56. Frumvarp til laga

[53. mál]

um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Bannað er að kveikja í sinu og brenna sinu innan kaupstaða eða kauptúna eða í þéttbýli, er til kauptúna má jafna. Þó getur lögreglustjóri eða hreppstjóri veitt leyfi til sinubrennslu á tilteknu svæði innan nefndra staða, ef sérstakar ástæður liggja til, enda hafi slökkviliði staðarins þá verið gert viðvart með þeim fyrirvara, er yfirvaldið ákveður.

2. gr.

Í sveitum er ábúendum einstakra jarða og umráðamönnum óbyggðra jarða heimilt að brenna sinu á jörðum sínum, ef fullnægt er þessum skilyrðum:

- a. að takmörk svæðis þess, er brenna skal, séu fyrir fram ákveðin,
- b. að eigi séu á því svæði mannvirkji, trjágróður eða önnur ræktun, er eldur getur grandað, eða nær brunasvæðinu en í 200 metra fjarlægð frá yztu mörkum þess,
- c. að jarðvegur sé eigi svo þurr, að hætta sé á, að hann spillist af eldinum,
- d. að eigendum eða umráðamönnum landsvæða og mannvirkja, sem liggja nær yztu mörkum lands þess, er brenna skal, en 1000 metra, hafi verið tilkynnt um fyrirhugaða sinubrennu a. m. k. 6 klst. áður en hún skal hefjast,
- e. að sá, er brennu framkvæmir, hafi nægan mannafla og tæki til þess að ráða við eldinn, eða hafi áður gert fullnægjandi ráðstafanir með jarðrásum eða á annan hátt, til þess að halda sinueldinum innan þeirra marka, sem honum eru í upphafi sett, sbr. a.-lið.

3. gr.

Skylt er hverjum þeim, er sinubrennu framkvæmir, að sjá um, að stöðug gát sé höfð á sinueldinum og útbreiðslu hans.

4. gr.

Leita skal leyfis hreppstjóra, áður en sinubrenna er framkvæmd. Skal hreppstjóri gæta þess, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er í 2. gr. getur, og má hann eigi leyfa brennuna, nema svo sé. Hreppstjóri getur og um stundarsakir synjað um leyfi til sinubrennu, ef hann vegna veðurs eða annarra mikilvægra ástæðna telur sérstaka hættu samfara framkvæmd fyrirhugaðrar brennu.

5. gr.

Hvarvetna skal óheimilt að brenna lyng- eða kjarrgróður, nema taka eigi land til ræktunar eða sérstakrar beitarræktunar, enda brjóti brennsla slíks gróðurs eigi í bág við ákvæði II. kafla laga nr. 3/1955, um skógrækt.

6. gr.

Sinu má aðeins brenna á tímabilinu frá 1. marz til 1. maí ár hvert. Þó má veita leyfi til brennslu sinu og gróðurs þess, sem í 5. gr. getur, til 15. maí á svæðinu norðan Ísafjarðardjúps og norðan heiða allt austur að Fjarðarheiði og Breiðdalsheiði, ef veðráttu hamlar því, að mati hreppstjóra, að brenna sé framkvæmd fyrr, enda mæli sérstakar ástæður eigi gegn því.

7. gr.

Skylt er öllum þeim, sem ferðast um eða dvelja á jörðum eða lendum einstakra aðilja, almenningum, afréttum, þjóðgörðum eða öðrum þess konar friðuð-

um eða friðlýstum svæðum, að fara varlega með eld. Er óheimilt að gera eld á nefndum svæðum, nema tryggilega sé um hann búið í eldstæði eða hann kveiktur á þess konar jarðvegi, að ekki sé hætt á því, að hann breiðist út. Skal öllum skylt að gæta þess vandlega, að eldur sé að fullu kulnaður, áður en eldstæði er yfirgefið.

8. gr.

Skylt er hverjum þeim, er þess verður var, að eldur er laus á þeim svæðum, er í 7. gr. getur, að tilkynna það umráðamanni lands eða því yfirvaldi, sem auðveldast er að ná til.

9. gr.

Ef tjón hlýzt á eign annars manns af völdum sinubruna, fer um bótaábyrgð eftir almennum reglum.

Sama gildir um bótaábyrgð þeirra, sem með gálausri meðferð elds verða valdir að tjóni á svæðum þeim, er í 7. gr. getur.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum kr. 200.00—20 000.00, er renni í ríkissjóð.

11. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi ákvæði 29. kap. Llb. Jónsbókar um elds ábyrgð.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðuneytisins. Nefndin hefur rætt það lauslega á nefndarfundi, sem ekki var fullskipaður, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til þess. Svofelld greinargerð fylgdi frumv. frá ráðuneytinu:

Það mun vera forn siður hér á landi að brenna að vorlagi sinu, mosa og jafnvel lyng, í því skyni að léttu komandi gróðri leið sína og gera beit betri og nota-drýgri. Sér þessa merki í fornum lögum. Er gert ráð fyrir því í Grágás, að þeir, sem sinu brenna á jörðum sínum, fái samþykki nágranna sinna, og enn eru í gildi forn ákvæði Jónsbókar, að sá bæti skaða þann allan, er öðrum mönnum verður af sinubrennu hans, ef hann hefur eigi fengið leyfi eða samþykki þeirra, er næstir búa.

Enn tíðkast sinubrennur töluvert hérlendis, og munu að líkindum hafa farið heldur vaxandi hin síðari ár.

Sökum aukins þéttbýlis, fjölbreyttari ræktunar, margs konar mannvirkja-gerðar og sumarbústaða á svæðum, sem áður voru eingöngu beitolönd, er vaxandi hætt á því, að sinueldar geti valdið tjóni. Eru þess og dæmi nú á síðari árum, að svo hefur farið, því stundum hefur það komið fyrir, að eldur frá sinubrennum hefur hlaupið í skógarteiga, skaddað girðingar og raflínur og önnur mannvirki.

Í kaптúnunum og þéttbýli kaupstaða kveður mikið að því, að unglingar kveiki eld í sinu, og eru dæmi þess, að kviknað hefur í húsum af þeim sökum.

Enn er þess að geta, að iðulega hafa orðið stórbrunar í mosapembum og gróðri í almenningum og friðuðum svæðum vegna ógætilegrar meðferðar elds af hálfu vegfarenda, en hætt á slíku vex nú árlega vegna vaxandi fólksfjölda og eðlilegrar og óhjákvæmilegrar umferðar fjölmargra kaupstaðarbúa, sem ferðast um lönd og lendur í sumarleyfum sínum og fristundum.

Réttmætt er að gera ráð fyrir því, að hverjum meðalmanni sé ljós sú hætta, sem af eldi getur stafað. Dæmin sýna þó, að út af getur brugðið, og hefur því þótt rétt að taka til ihugunar, hvort eigi gæti orðið til bóta að setja í lög ákvæði um meðferð elds á viðavangi til aðhalds og eftirbreytni og til að auðvelda í þessum efnum nauðsynlegt eftirlit af hálfu yfirvalda. Er frv. það, er hér liggur fyrir, árangur slíkrar athugunar.

Að því er sinubrennur varðar, hefur verið leitast við að kanna, hvort gagnsemi þeirra væri svo mikil, að ástæða væri yfirleitt til að leyfa þær. Niðurstaða þeirrar könnunar, og er þá byggt á álit sérfróðra manna um gróður og ræktun, er, að þær séu í mörgum tilfellum heppilegar og til gagns, ef þær eru framkvæmdar á réttum tíma. Er bæði talið, að þær geti komið að gagni við ræktun lands og einnig aukið notagildi lands til beitara. Þar sem mikill grasvöxtur er, en land lítið eða ekki nýtt á því ári, sem hann fellur til. Telja sérfræðingar, að lítil hætta sé á uppblæstri eða eyðingu jarðvegs, ef þess er gætt, að hann sé ekki orðinn of þurr, þegar sinan er brennd. Þá er það samhljóða álit þeirra, sem til þekkja, að eigi sé vandkvæðum bundið að halda sinueldi í skefjum, ef nægilegrar aðgæzlu er gætt. Getur þar margt orðið til varnar, svo sem framræsluskurðir, plógstrengjarásir, viðbúnaður um tæki til að stöðva útbreiðslu eldsins, og sitthvað fleira, svo sem hæfilegt tillit til vindáttar og styrkleika vinds, þegar brennsla fer fram.

Af hálfu fuglafræðinga og dýraverndunarmanna hefur komið fram rökstudd gagnrýni á því, að sinubrennur séu framkvæmdar, eftir að egg tíð mófugla hefst, og hafa þeir lagt áherslu á það, að þær væru eigi leyfðar eftir 1. maí. Ólík veðráttu sunnanlands og norðan veldur því hins vegar, að í sumum árum a. m. k. verður sinubrennum eigi komið við norðanlands fyrr en eftir 1. maí.

Við samningu frv. þessa hefur niðurstaðan því orðið sú, að rétt sé að leyfa almennt sinubrennur á jörðum og öðrum lendum í dreifbýlinu, en þær skorðar settar við framkvæmd þeirra, að gætt sé ákveðinna skilyrða. Hefur verið talið réttast, að það félli í hlut hreppstjóra að gæta þess, að fylgt sé settum reglum, og sinubrennur háðar leyfi þeirra. Að því er tímamörkin á vorin snertir, hefur sú leið verið valin, að veita meira svigrúm á norðan- og austanverðu landinu og leyfa brennur þar til 15. maí, ef hreppstjóri telur ekki sérstakar ástæður mæla gegn því.

Um sinubrennur í þéttbýli gegnir hins vegar öðru máli. Þar er tæplega til að dreifa neinum þeim hagsmunum, að þörf sé á að leyfa þær almennt þar. Hins vegar er alkunn hin mikla árátta unglunga til að kveikja eld. Stafar oft af henni mikil hætta á trjárækt og jafnvel byggingum, einkum í útjöðrum bæja og kaupúna. Gerir frv. því ráð fyrir, að sinubrennur séu algerlega bannaðar á þeim stöðum með þeirri undantekningu þó, að lögreglustjóri geti í einstaka tilvikum veitt sérstakt leyfi, ef gildar ástæður liggja til, svo sem vegna ræktunar á löndum kaupstaðar eða kaupúns.

Þá hefur einnig þótt rétt að taka með í frv. ákvæði um meðferð elds í almenningum, afréttum og þjóðgörðum vegna þeirrar eldhættu, sem reynslan hefur sýnt, að stafað getur af vaxandi umferð manna um slík svæði.

Loks eru tekin í frv. ákvæði um bótaskyldu vegna tjóns, sem hlýzt af sinubrennslu og gálausri meðferð elds.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Vegna eldhættu þeirrar, sem stafar af tíðum íkveikjum barna og unglunga í bæjum og kaupstöðum, og til að auðvelda aðhald í þeim efnum eru slíkar íkveikjur bannaðar með öllu. Venjulegar sinubrennur á sömu stöðum eru og í flestum tilfellum algerlega óþarfar. Rétt þykir, að sömu reglur gildi um þéttbýli, sem jafna má til kaupúna, enda er hætta af eldi hin sama þar. Gert er þó ráð fyrir því, að fá megi sérstakt leyfi lögreglustjóra eða hreppstjóra til sinubrennu og meta þeir þá, hvort gild ástæða sé til að veita slíkt leyfi. Er sérstaklega við það miðað, að heppilegt

þyki að brenna tiltekið svæði, sem legið hefur ónotað, en taka skal til ræktunar. Eigi er gert ráð fyrir sérstöku leyfi slökkviliðsstjórnar, en tilkynna skal henni fyrirhugaða brennu.

Um 2. gr.

Hér eru talin upp þau skilyrði, sem sá umráðamaður lands, er ætlar að framkvæma sinubrennu, verður að fullnægja. Eigi er krafizt samþykkis nággranna, en það lagt á vald þess yfirvalds, sem hlut á að máli, að meta, hvort settum skilyrðum sé fullnægt, t. d. um útbúnað til þess að halda sinubrennu í skefjum, en útvegum slíkra tækja, svo sem stálkústa, er nú auðveld. Við mat þess, hvort fullnægjandi skilyrði séu fyrir hendi, koma að sjálfsögðu náttúrlegar hindranir, svo sem gróðurlaus svæði, ár og lækir, til álita.

Um 3. gr.

Grein þessi kveður á um sérstaka eftirlitsskyldu þess, er sinubrennu framkvæmir.

Um 4. gr.

Eðlilegast þykir, að hreppstjórar veiti leyfi til sinubrennu og hafi eftirlit með því, að þær séu framkvæmdar samkvæmt settum reglum. Er hreppstjóra og í grein þessari veitt vald til þess að synja um leyfi til brennu um stundarsakir, ef hann telur ríka ástæðu til þess og ætla má, að sérstök hættu geti, eins og á stendur, verið samfara brennu. Er úrskurður hreppstjóra í þessum eignum endanlegur úrskurður.

Um 5. gr.

Eigi er gert ráð fyrir, að fyrirmæli 5. gr. taki til fjalldrapagróðurs í mýrum, en því aðeins er brennsla lyngs eða kjarrgróðurs heimil, að taka eigi land það, sem brennt er, til ræktunar og að ræktun sé hafin innan þess tíma er 6. gr. laga nr. 3/1955 um skógrækt ákveður.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að því, að eigi sé með sinubrennum spillt varpi mófugla eða jarðvegur í hættu settur, ef klaki fer snemma úr jörðu, en tíðarfar með þeim hætti, að jarðvegur hafi þornað svo, að hann geti brunnið. Vegna mismunar á veðráttu norðanlands og sunnan er miðað við, að brennur séu leyfðar til 15. maí norðanlands. Þó getur hreppstjóri stýtt þann tíma, ef tíðarfar er með þeim hætti norðan heiða, að ástæðulaust sé að draga framkvæmd sinubrennu fram yfir 1. maí, enda er við þann dag miðað sem aðalreglu. Með hliðsjón af þessu valdi hreppstjóra þykir eigi ástæða til að skilgreina nánar en gert er svæði þau, þar sem sinubrennur mega fara fram eftir 1. maí.

Um 7. gr.

Greinin setur reglur um meðferð elds almennt á svæðum þeim, sem upp eru talin.

Um 8. gr.

Miklu varðar, þegar eldur er laus í gróðri, að hafizt sé sem fyrst handa um að hefta útbreiðslu hans. Er í því skyni með grein þessari lögð sérstök skylda á vegfarendur um að gera viðvart, ef þeir verða elds varir, og mundi vanræksla í því efni geta varðað refsingu samkvæmt 10. gr.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um bótaskyldu þeirra, sem með sinubrennu eða annarri meðferð elds á víðavangi valda tjóni á eignum annarra.

Um 10. gr.

Grein þessi kveður á um refsingar fyrir brot á ákvæðum laganna.